

# PERSÓNUVERNDARSTEFNA

## FYRIR ATVINNUUMSÆKJANDA

### INNGANGUR OG GILDISSVIÐ

BeiGene heitir því að virða og vernda persónuupplýsingar þínar. „Persónuupplýsingar“ eru upplýsingar sem varða þig og mögulegt er að tengja aftur við þig.

Ábyrgðaraðilar **gagna hvað varðar persónuupplýsingar þínar** (þ.e. aðilarnir sem ákvarða hvernig og hvers vegna persónuupplýsingar þínar eru notaðar) samkvæmt þessari persónuverndarstefnu eru:

- BeiGene, Ltd., í þeim tilgangi að stjórna alþjóðlegri gátt BeiGene fyrir störf í boði, og
- sú rekstrareining BeiGene sem þú sækir um hjá, og þú færð heiti hennar sem hluta af starfslýsingunni eða tengdum upplýsingum.

Ef þú hefur spurningar eða kvartanir og vilt hafa samband við ábyrgðaraðila gagna eða gagnaverndarfulltrúa hans skaltu skoða hlutann „**Nýting réttinda þinna**“ hér að neðan.

Þessi persónuverndarstefna fyrir atvinnuumsækjanda er fyrir einstaklinga sem veita persónuupplýsingar til BeiGene, Ltd. og/eða dótturfyrirtækja þess („**BeiGene**“, „**við**“, „**okkur**“, „**okkar**“) þegar þeir sækja um störf („**atvinnuumsækjendur**“).

**Hún veitir upplýsingar um hvernig við notum persónuupplýsingarnar þínar og hvernig þú getur neytt réttar þíns.**

Við lestar persónuverndarstefnunnar skaltu hafa í huga eftirfarandi mikilvægar upplýsingar um hvernig þessi persónuverndarstefna gildir:

1. **Sumir hlutar þessarar persónuverndarstefnu eiga hugsanlega ekki við um þig** eftir því hvar þú býrð eða tegund persónuupplýsinga sem við varðveitum um þig.
2. **Við tilteknar aðstæður geta aðrar persónuverndarstefnur eða -tilkynningar bæst við eða komið í staðinn fyrir þessa.** Ef það gerist gildir sú stefna eða tilkynning um meðhöndlun persónuupplýsinga.
3. Vefsvæði okkar, vefgáttir, farsímaforrit eða önnur stafræn þjónusta (einu nafni „**vefsvæðin**“ okkar) geta innihaldið tengla á vefsvæði sem við hvorki stjórnum, stýrum né styðjum. Þegar þú ferð á þessi vefsvæði berum við ekki ábyrgð á verndun og persónuvernd upplýsinga sem þú veitir. **Við mælum með því að lesa persónuverndarstefnur þeirra og hafa beint samband við þau til að fá upplýsingar um starfsvenjur þeirra varðandi persónuvernd.**

### Upplýsingar um börn

**Vefsvæðin okkar eru ekki ætluð einstaklingum yngri en 16 ára („börnum“).** Við söfnum ekki vísvitandi persónuupplýsingum beint frá börnum í gegnum vefsvæði okkar. Ef þú ert barn biðjum

við þig því um að nota ekki vefsvæði okkar né veita okkur nokkrar upplýsingar í gegnum vefsvæði okkar eða á annan hátt nema við höfum fyrst fengið samþykki foreldris eða forráðamanns, þar sem við á.

## BREYTINGAR Á PESSARI PERSÓNUVERNDARSTEFNU

Við hyggjumst uppfæra þessa persónuverndarstefnu reglulega til samræmis við starfsvenjur okkar. Því **mælum við með því að skoða þessa persónuverndarstefnu öðru hverju**. Ef um efnislegar breytingar er að ræða gætum við gert ráðstafanir til að gera þér viðvart áður en þær taka gildi.

Gildistökudagur síðustu uppfærslu: 10. nóvember 2023.

## FLOKKAR PERSÓNUUPPLÝSINGA SEM BEIGENE VINNUR ÚR

Við kunnum að safna og nota persónuupplýsingar þínar á ýmsum stigum ráðningarárferlisins hjá BeiGene. Eftir því hvernig tengslum þínum við BeiGene er háttáð kunnum við að hafa aflað og haft umsjón með einhverjum af eftirfarandi gerðum persónuupplýsinga um þig:

Flokkar	Dæmi
<b>Upplýsingar um auðkenningu</b>	Fornafn, eftirnafn, upphafsstafir, fæðingardagur, ljósmyndir, skilríki (t.d. persónuskilríki, ökuskríteini, vegabréf), opinbert auðkenni, kennitala eða tungumálakunnátta.
<b>Samskiptaupplýsingar</b>	Netfang, póstfang eða símanúmer, þar með talið hjá neyðartengilið, eftir atvikum.
<b>Starfstengdar upplýsingar og kannanir á bakgrunni</b>	Starfsheiti, atvinnustaða, menntunarupplýsingar, fagleg menntun og hæfi, leyfi, starfsreynsla og fagleg tengsl, meðmæli eða aðrir einstaklingar sem vita deili á þér, útgefið efni, verðlaun og aðrar upplýsingar sem þú gefur upp í ferilskrá eða kynningarbréfi.  Ef gildandi lög krefjast þess eða leyfa það eða með samþykki þínu gætum við framkvæmt athugun á bakgrunni sem gæti falið í sér frekari upplýsingar um atvinnu- og menntunarsögu þína sem og allar upplýsingar um sakaskrá.
<b>Upplýsingar sem tengjast samskiptum þínum við BeiGene</b>	Dagsetning og efni beiðna þinna eða samskipta við starfsfólk BeiGene og annað starfsfólk eða ráðgjafa
<b>Gögn um fjölbreytileika</b>	Lýðfræðileg gögn (t.d. um kynþátt/bjóðerni, þjóðernisuppruna, kyngervi og kynferði, upplýsingar

	um fötlunarstöðu þína, félagslegan og hagrænan bakgrunn þinn, trú þína og stöðu sem uppgjafahermaður) í þeim tilgangi að uppfylla kröfur um jöfn tækifæri. Valfrjálst er að veita og safna upplýsingum um kynþátt og þjóðerni og aðeins í Bandaríkjunum.
<b>Fjárhagsupplýsingar</b>	Ef þess er krafist, upplýsingar um bankareikning, kennitölù (eða sambærilegt), skattalega stöðu, bætur, lífeyri og sjúkratryggingar
<b>Upplýsingar um virkni á internetinu eða öðru rafrænu neti</b>	<p>Við kunnum að safna og nota eftirfarandi efni fyrir rétta virkni vefsavæðanna okkar og þjónustu þeirra, auk greininga á innri rekstri, svo sem mælinga á gestum:</p> <p>IP-tala, gerð tækis, gerð vafra, tungumál, vafraferill, upplýsingar um samskipti þín við vefsavæðin okkar og þjónustu þeirra.</p> <p>Lestu <b>stefnuna um kökur</b> sem við á um vefsavæðið sem þú notar til að fá nánari upplýsingar um kökurnar og aðra gagnasöfnunartækni.</p>
<b>Annað</b>	<p>Upplýsingar af opinberum notandaupplýsingum þínum á samfélagsmiðlum ef þær eru fyrir hendi auk annarra persónuupplýsinga sem þú deilir af fúsum og frjásum vilja meðan á umsóknarferlinu stendur.</p> <p>Við kunnum einnig að vinna úr upplýsingum sem tengjast notkun þinni á netkerfum okkar og tækjum okkar eins og þráðlausu neti frá BeiGene og upplýsingum úr öryggismyndavélum ef þær eru fyrir hendi á þeim stöðum sem þú heimsækir.</p>

Tilteknar upplýsingar (svo sem heilsufarsupplýsingar) **geta talist viðkvæmari** samkvæmt gildandi lögum. Við söfnum þessum upplýsingum ekki reglulega eða notum þær á annan hátt, en þar sem við gerum það munum við:

- aðeins safna þessum upplýsingum þegar þörf er á;
- grípa til viðeigandi ráðstafana til að vernda og vinna úr viðkvæmum persónuupplýsingum þínum; og
- tilkynna þér eða fá skýrt samþykki þitt fyrir vinnslu á viðkvæmum persónuupplýsingum þegar þess er krafist samkvæmt gildandi lögum.

## UPPRUNI UPPLÝSINGA

---

Að jafnaði fáum við persónuupplýsingar þínar **beint frá þér**, t.d. þegar þú hefur samband við okkur, fyllir út eyðublað, kaupir vörur okkar, veitir okkur þjónustu, skráir reikning eða biður um markaðsefni og upplýsingar.

Stundum kunnum við að fá persónuupplýsingar um þig frá **öðrum aðilum**, til dæmis þegar þú hefur gefið þriðja aðila fyrirmæli um að senda okkur upplýsingar eða þegar við höfum gert samkomulag við rannsóknaraðila sem við störfum með, samstarfsaðila og þjónustuveitendur.

Ef þú notar vefsíðu okkar kunnum við að safna upplýsingum úr tölvunni þinni eða öðru tæki með því að nota kökur og aðra gagnasöfnunartækni. Frekari upplýsingar er að finna í stefnunni um notkun á kökum.

## AF HVERJU VIÐ VINNUM ÚR PERSÓNUUPPLÝSINGUM

Meðhöndlun persónuupplýsinga fer eftir því hvers vegna við söfnuðum þeim, t.d. hvort hún ræðst af samskiptum þínum við BeiGene, gildandi lögum eða okkar eigin verklagsreglum og kröfum, eins og lýst er hér á eftir:

Tilgangur	Dæmi um notkun á persónuupplýsingunum þínum	Lagagrunnur
<b>Umsjón með starfsumsókn þinni</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>til að fara yfir starfsumsóknina þína</li> <li>til að hafa samband við þig</li> <li>til að bóka viðtal</li> <li>ef þú þiggur starf, til að sjá um nýliðaþjálfunina</li> </ul>	<b>Til að gera ráðstafanir áður en stofnað er til samnings</b> (með þínu <b>samþykki</b> , ef þess er krafist samkvæmt gildandi lögum)
<b>Skimun fyrir ráðningu og könnun á bakgrunni</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>staðfesta bakgrunn þinn, meðmæli og upplýsingar sem veittar voru í ráðningarfærlinu. Þetta gæti falið í sér frekari upplýsingar um atvinnu- og menntunarsögu þína sem og allar upplýsingar um sakaskrá eftir því sem lög leyfa.</li> <li>á undirbúningsstigi ráðningarfærlisins okkar til að undirbúa tilboð og önnur skjöl</li> </ul>	<b>Til að grípa til ráðstafana áður en stofnað er til samnings;</b> -eða- <b>Lögmætir hagsmunir</b> BeiGene af að skima safn umsókna
<b>Að taka þig með í mannauðssafn BeiGene</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>til að greina æskilega umsækjendur (innanhúss eða utan)</li> <li>til að taka þig til greina fyrir núverandi eða framtíðartækifæri innan BeiGene</li> </ul>	<b>Lögmætir hagsmunir</b> BeiGene af því að bæta við mannauðssafn sitt (með þínu <b>samþykki</b> , ef þess er krafist samkvæmt gildandi lögum)

	<ul style="list-style-type: none"> <li>til að upplýsa þig um tækifæri eða óska eftir uppfærslum á lýsingunni þinni</li> </ul>	
<b>Endurbætur á ráðningarfærlí okkar og vefsvæðum</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>til að meta og bæta ráðningarfærlí okkar og vefsvæði, t.d. að sjá hvaða síður eru vinsælar og notaðar, hvort tilkynningar í tölvupósti eru opnaðar, gestafjölda á vefsíðum og önnur notkunargögn, auk skilvirkni atvinnuauglýsinga okkar</li> <li>til að gera ráðstafanir um að gæta og auka öryggi vefsvæðanna</li> </ul>	<b>Lögmætir hagsmunir</b> BeiGene af að bæta vefsvæði sín og ráðningarfærlí
<b>Umsjón með undirbúningi eða rekstri málaferla</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>til að bregðast við brotum sem vart verður við</li> <li>til að annast hvers kyns ágreining eða málaferli</li> </ul>	<b>Lögmætir hagsmunir</b> BeiGene af að verja réttindi sín og hagsmuni
<b>Til að hlíta lögum og reglugerðum</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>til að fara að lögum og lagalegum skuldbindingum</li> <li>til að afgreiða beiðnir um nýtingu réttinda</li> </ul>	<b>Lagaskilyrði og reglugerðir</b> sem BeiGene lýtur
<b>Annað</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>í öðrum viðskiptatilgangi, svo sem vegna greiðsluferla og bókhalds, vörupróunar, verndunar eigna BeiGene, samningsstjórnunar, geymslu skjala, stjórnunar vefsvæða, fullnustu, greiningar, forvarna gegn svikum og stjórnarháttu fyrirtækja, mögulegrar sölu eða samruna sumra eða allra fyrirtækja, skýrslugjafar og samræmis við lög eða eftir þörfum til að verjast hugsanlegum dómsmálum.</li> </ul>	<b>Lögmætir hagsmunir</b> BeiGene – eða – <b>Lagaskilyrði og reglugerðir</b> sem BeiGene lýtur

### Gerð persónusniðs og/eða sjálfvirk ákvarðanataka

„Gerð persónusniðs“ þýðir að greina áhugamál, venjur, hegðun og önnur einkenni einhvers til að spá fyrir um eða taka ákvarðanir um viðkomandi. „Sjálfvirk ákvarðanataka“ er þegar tölvuforrit, sjálfvirk kerfi eða reiknirit gerir slíka spá eða tekur slíka ákvörðun. Til dæmis gætum við sannreynnt faglega menntun þína og hæfi, framkvæmt athuganir á bakgrunni eða gert aðra áreiðanleikakönnun á þér og borið þetta handvirkta saman við kröfur okkar til að meta hæfi þitt

fyrir starf hjá BeiGene. Persónusnið, spár eða ákvarðanir eru þó aldrei innt af hendi með fullkomlega sjálfvirkum hætti án þess að mannshöndin komi þar nærri.

## HVERSU LENGI VIÐ VARÐVEITUM PERSÓNUUPPLÝSINGARNAR ÞÍNAR

---

Við geymum persónuupplýsingarnar þínar **aðeins í þann tíma sem þarf** út af ástæðunum sem eru útskýrðar í þessari persónuverndarstefnu. Stundum varðveitum við þær lengur til að uppfylla lagalegar skuldbindingar okkar. Til að ákveða hve lengi við geymum þær skoðum við magn og tegund upplýsinganna og hversu viðkvæmar þær eru, hugsanlega hættu á skaða vegna óheimillar notkunar eða birtingar upplýsinganna, hvers vegna við þurfum þær, hvort við getum gert það sama án þeirra og allar gildandi alþjóðlegar kröfur samkvæmt lögum, reglugerðum og kröfum um reglufylgni.

Þegar þú sækir um vinnu varðveitum við upplýsingarnar sem þú gefur okkur. Við gætum notað þær síðar ef þú sækir um annað starf, ef við tökum þig til greina í annað laust starf í framtíðinni eða ef við ráðum þig. Ef þú þarf að láta eyða upplýsingunum þínum skaltu senda okkur tölvupóst á [privacy@beigene.com](mailto:privacy@beigene.com). Við munum einnig halda skrá yfir beiðni þína um eyðingu, eins lengi og það telst nauðsynlegt. Stundum þurfum við að geyma sumar upplýsingar í starfsumsókn ef þess er krafist samkvæmt gildandi lögum eða til að verja lagalegan rétt okkar.

Við geymum líka persónuupplýsingar þínar í:

- **viðeigandi tímabil í fyrningarfrestinum**, ef þörf krefur vegna **sönnunargagna**;
- **þeim tilgangi að virða tímabil sem ákveðin eru í lögum**, t.d. með tilliti til málefna sem varða viðskipti, lög, reglufylgni og reglugerðir

## HVAR VIÐ VINNUM ÚR UPPLÝSINGUNUM ÞÍNUM OG HVERNIG VIÐ VERNDUM ÞÆR

---

**BeiGene starfar í mörgum löndum um heim allan** og persónuupplýsingarnar þínar gætu verið aðgengilegar eða þeim deilt innan BeiGene-samstæðunnar og með þriðju aðilum í mismunandi löndum eins og útskýrt er í hlutanum **PERSÓNUUPPLÝSINGUM ÞÍNUM DEILT** í þessari persónuverndarstefnu. Lög í tilteknum löndum bjóða hugsanlega ekki upp á sama umfang verndunar og löginn í landinu eða á svæðinu þar sem þú býrð. Í slíkum tilfellum, og eins og gildandi lög kveða á um, grípum við til ráðstafana til að tryggja öryggi upplýsinganna þinna, t.d. með því að gera samninga við viðtakendur upplýsinganna eða innleiða frekari gagnavernd.

Þótt við gerum okkar besta til að vernda upplýsingarnar þínar getum við ekki ábyrgst fullkomlega öryggi þeirra. Vertu á varðbergi þegar þú ákveður hvaða upplýsingum þú deilir með okkur þegar þú sendir upplýsingar netleiðis.

---

## PERSÓNUUPPLÝSINGUM ÞÍNUM DEILT

Við kunnum að deila persónuupplýsingunum þínum innan BeiGene-fyrirtækjasamstæðunnar og með þriðju aðilunum sem tilgreindir eru hér á eftir. Það sem við deilum, af hverju við deilum því og hvaða öryggisráðstafanir við innleiðum fer eftir því hverjir þessir þriðju aðilar eru og hvar þeir eru. **Við seljum þó ekki persónuupplýsingar sem við söfnum.**

Viðtakendur	Tilgangur
<b>Fyrirtæki í BeiGene-samstæðunni</b> (BeiGene, Ltd. og/eða dótturfyrirtæki þess) <b>og starfsmenn hennar</b> (t.d. ráðningar-/mannaðsdeildir, deild og starfshlutverk sem bera ábyrgð á að meta og/eða stjórna því starfi sem sótt er um, upplýsingatæknideild)	Við kunnum að deila persónuupplýsingunum þínum innan BeiGene-samstæðunnar fyrir alþjóðlegt ráðningarárferli okkar, með hliðsjón af auðkenni og staðsetningu matsaðilanna og ráðningaraðilans, auk stjórnunarlegs, rekstrarlegs og tæknilegs tilgangs með skírskotun til starfsemi okkar um allan heim.
<b>Þjónustuveitendur BeiGene</b> (utanaðkomandi ráðningaraðilar, þjónustuveitendur sem sinna athugunum á bakgrunni o.s.frv.)	Við nýtum okkur þjónustuveitendur til að aðstoða BeiGene í alþjóðlegum stjórnunarlegum, rekstrarlegum og/eða tæknilegum tilgangi með skírskotun til starfsemi BeiGene.
<b>Tækni- og öryggisþjónustuaðilar BeiGene</b> (hýsingaraðilar hugbúnaðar, þjónustuveitendur á sviði upplýsingatæknii o.s.frv.)	Við nýtum okkur tæknilegum tilgangi með skírskotun til starfsemi BeiGene.
<b>Stjórnsýslu-, eftirlits- eða domsmálayfirvöld eða -stofnanir og aðrir þriðju aðilar</b>	Við kunnum að fá beiðnir um birtingu persónuupplýsinga frá stjórnsýslu-, eftirlits-eða domsmálayfirvöldum eða -stofnunum og öðrum þriðju aðilum. Við munum deila persónuupplýsingum til að fara að lagalegum eða stjórnsýslulegum kröfum og/eða ef um er að ræða skýra og rökstudda beiðni eða ef um er að ræða meint brot á ákvæðum laga eða reglna.
<b>Ráðgjafar (svo sem ytri endurskoðendur, lögmenn og svipaðir aðilar)</b>	Við kunnum að nota ráðgjafa til að aðstoða við meðferð hugsanlegra ágreiningsmála og annarra lagalegra mála eftir því sem við á.
<b>Aðrir þriðju aðilar</b>	Ef verulegar breytingar verða á uppbyggingu BeiGene, t.d. sameining, flutningur, sala eigna BeiGene eða gjaldþrotaskipti, gætu persónuupplýsingar þínar verið fluttar til annarra aðila samkvæmt viðkomandi samningi með fyrirvara um samþykki þitt, ef við á.

## VALKOSTIR ÞÍNIR OG RÉTTINDI

---

Þú getur valið að gefa okkur ekki upp persónuupplýsingar þínar; það gæti hins vegar falið í sér að þú getir ekki viðhaldið tengslum þínum eða samskiptum við okkur eða notað tiltekna þjónustu, t.d. gæti atvinnuumsókn þín hjá BeiGene ekki farið lengra.

Samkvæmt tilteknum lögum svo sem almennu persónuverndarreglugerðinni (GDPR), persónuverndarlögum fyrir neytendur í Kaliforníu frá 2018 (CCPA), persónuverndarréttindum Kaliforníuríkis frá 2020 (CPRA) eða lögum um öryggi á netinu í Kína (þ.m.t. framkvæmdarreglugerðir þeirra og landsstaðlar) gætirðu haft eftirfarandi réttindi að því er varðar persónuupplýsingarnar þínar:

- *Réttur til aðgangs.* Þú getur beðið okkur um skýrar, gagnsæjar og skiljanlegar upplýsingar um hvernig við meðhöndlum persónuupplýsingar þínar, þar á meðal upplýsingar um hvar og með hverjum við deilum þeim, og óskað eftir afritum af þeim.
- *Réttur til leiðréttингar.* Þú getur beðið okkur um að leiðréttta upplýsingar sem þú telur úreltar eða ónákvæmar og/eða beðið um að bætt sé við þær ef þær eru ófullnægjandi.
- *Réttur til að eyða.* Við tilteknar aðstæður geturðu jafnframt farið fram á að við eyðum persónuupplýsingunum þínum.
- *Réttur til að afturkalla samþykki.* Ef við vinnum úr persónuupplýsingunum þínum á grundvelli samþykkis þíns hefurðu rétt á að afturkalla samþykki þitt án þess að það hafi áhrif á lögmaeti þess sem við gerðum áður.
- *Réttur til að hafna framtíðarsamskiptum* Þú getur valið að hafna (segja upp áskrift að) tilteknum framtíðarsamskiptum.
- *Réttur til að flytja eigin gögn.* Þú kannt að hafa rétt til að fara fram á að við flytjum upplýsingarnar sem okkur eru veittar frá einu fyrirtæki til annars eða látum þér þær í té.

Þú getur til dæmis beðið um að atvinnuumsóknarlýsingu þinni verði eytt úr kerfum okkar eða afturkallað samþykki þitt fyrir því að fá skilaboð um laus störf í framtíðinni.

Þú gætir notið frekari réttinda sem tengjast persónuupplýsingunum þínum, allt eftir því hvar þú býrð og hvar sú skrifstofa BeiGene sem meðhöndlar persónuupplýsingarnar er staðsett. Frekari upplýsingar er að finna í kaflanum um viðkomandi ríki.

### Nýting réttinda þinna.

Ef þú vilt nýta réttindi þín geturðu sent okkur tölvupóst á [privacy@beigene.com](mailto:privacy@beigene.com).

Við bregðumst við beiðnum innan þess tímaramma sem kveðið er á um í gildandi lögum. Stundum gætum við þurft að staðfesta hver þú ert til að ganga úr skugga um að spurningin komi raunverulega frá þér og til að halda upplýsingunum þínum öruggum. Við látum þig vita: (i) þegar beiðnin hefur verið afgreidd, (ii) ef við höfnum beiðninni (til dæmis vegna þess að undanþága á við) eða (iii) ef gjald er innheimt fyrir að vinna úr beiðninni.

Þú getur valið einhvern til að koma fram fyrir þína hönd en við þurfum einnig að staðfesta auðkenni viðkomandi aðila og tryggja að honum sé heimilt að koma fram fyrir þína hönd. Ef við getum ekki gert það getum við mögulega ekki orðið við beiðninni.

## Kvartanir

Ef þú telur að BeiGene hafi misfarið með persónuupplýsingar þínar eða brotið gegn réttindum þínum gætir þú átt rétt á að leggja fram kvörtun til gagnaverndaryfirvalda í heimalandi þínu. Einnig er hægt að gera okkur viðvart með því að senda tölvupóst á [privacy@beigene.com](mailto:privacy@beigene.com). Við tökum áhyggjur þínar alvarlega.

Við mismunum þér ekki fyrir að nýta þér lagalegan rétt þinn sem skráður aðili.

## STEFNA OKKAR UM KÖKUR

---

Kökur, pixlamerki og önnur rakningarverkfæri (hér eftir nefnd „**kökur**“) eru litlar skrár sem vefsvæði og forrit nota til að geyma eða sækja upplýsingar í vafra eða tæki (tölvu, spjaldtölvu, farsíma o.s.fr.) þegar þú notar netþjónustu okkar. Þær gera vefsvæðum kleift að muna hvað þú vilt og bæta vafranotkun.

Þegar þú heimsækir vefsvæði okkar í fyrsta skipti (eða eftir að hafa eytt kökum) biðjum við þig um leyfi til að nota kökur. Þú getur valið að samþykkja allar kökur, valið tilteknar tegundir af kökum eða hafnað öllum kökum (öðrum en nauðsynlegum kökum). Kökur persónugreina þig ekki heldur bera þær kennsl á tækið sem þú notar. Þær hjálpa okkur að skilja vafranotkun þína til að geta greint tækið síðar og fínstilla notkunarupplifun þína, vistað stillingarnar þínar og bætt upplifun þína á netinu.

Ef þú vilt fá nánari upplýsingar um kökur og sjá hvaða kökur eru í tækinu þínu geturðu farið inn á vefsvæði, t.d. [www.aboutcookies.org](http://www.aboutcookies.org) eða [www.allaboutcookies.org](http://www.allaboutcookies.org)

Kökurnar sem við notum eru mismunandi eftir því hvaða vefsvæði eða forrit þú skoðar/notar. Við kunnum að nota eftirfarandi gerðir af kökum:

- **Bráðnauðsynlegar kökur:** Þessar kökur tryggja að vefsvæði okkar virki sem skyldi. Þær hjálpa til við öryggi, auðvelda vafranotkun og birta vefsíður á réttan hátt. Þú getur gert þær óvirkar í stillingum vafrans en það gæti haft áhrif á virkni sumra vefsvæða. Þú getur þó notað vefsvæðin áfram.
- **Afkastakökur:** Þessar kökur hjálpa okkur að skilja hvernig gestir nota vefsvæðin okkar svo að við getum bætt þau. Þær safna upplýsingum um atriði á borð við fjölða gesta, hvaðan þeir koma og hvaða síður þeir fóru á.

- Samfélagsmiðlakökur: Þessar kökur gera þér kleift að nota samfélagsmiðlaviðbætur á vefsvæðunum okkar og deila efni á samfélagsmiðlum; og
- Markkökur (auglýsingakökur): Þessar kökur hjálpa okkur að birta þér ákveðnar auglýsingar, mæla hversu árangursríkar þær eru og sérsníða efni að áhugasviðum þínum og vafrahegðun. Slíkar kökur geta fylgst með þér yfir tímabil og á ýmsum vefsvæðum (til dæmis ef þú heimsækir vefsvæði okkar oft eða heimsækir mörg vefsvæði BeiGene).

Auk þess að velja þínar eigin kökur leyfa flestir þér að stjórna kökum í stillingum vafrans. Yfirleitt er hægt að eyða kökum sem fyrir eru og jafnvel stilla vafrann þannig að sjálfgefið sé að hann hafni öllum kökum. Hægt er að fá leiðbeiningar um þetta á heimasiðu vafrans. Ef þú hafnar öllum kökum geturðu áfram notað vefsvæðin okkar en sumir eiginleikar gætu ekki virkað rétt.

Flestir kökur skrá ekki IP-töluna þína (númerið sem netveitan notar til að auðkenna tölvuna þína) en tilteknar kökur nota þessar upplýsingar til að gera almenna athugun á staðsetningu, til dæmis til að tryggja að þér sé vísað á þá útgáfu vefsvæðisins sem á við um staðsetningu þína. Þar að auki burfa kerfin okkar IP-töluna þína til að leiða upplýsingar (svo sem myndir á vefsvæðinu) aftur til þín. Við kunnum einnig að nota IP-tölur til að eiga samskipti við eða loka á gesti sem fara ekki að notkunarskilmálum okkar.

Fyrir markvissar (auglýsinga-)kökur bregðumst við við merkjum „Ekki rekja“ í vafranum. Þú getur fengið frekari upplýsingar um merkin „Ekki rekja“ hér: <https://allaboutdnt.com/>.

## AÐ HAFA SAMBAND VIÐ OKKUR

---

Ef þú ert með einhverjar spurningar eða athugasemdir vegna þessarar persónuverndarstefnu eða hvernig við gerum hlutina skaltu ekki hika við að leita til okkar með því að senda tölvupóst á [privacy@beigene.com](mailto:privacy@beigene.com).

Við leitumst við að bregðast við beiðni þinni eins fljótt og kostur gefst, í samræmi við gildandi lög.

Til að tryggja öryggi upplýsinga þinna athugum við hver þú ert áður en við veitum aðgang eða gerum breytingar. Hafðu í huga að jafnvel þótt við fjarlægjum eða breytum upplýsingunum þínum gætu leifar af þeim orðið eftir í skránum okkar.

Við leggjum áherslu á að vera aðgengileg öllum, líka fólki með fatlanir. Ef þú þarf þetta skjal á öðru sniði skaltu hafa samband við okkur í [privacy@beigene.com](mailto:privacy@beigene.com).